Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1911-1925, seinni hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Í Helheimi – Arne Garborg – Bjarni Jónsson frá Vogi

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-14, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Fyrir lifandi bæn mundi Guð fús gáð
og logandi tár á kinn
syndurum aumum af eilífri náð
þó upp lúka himinn sinn.

Systirin

Himininn sjálfur, systir mín,
ei sælu þeim veita má;
drottins friður og dýrðarljós
er þeim daprara en niflheims krá.

Þeir kveljast, en una því illa þó,
þeir elska að bölva og hata;
þótt opin stæði þeim himins hlið,
til himins þeir mundu ei rata.

Vitur og hörð og viljasterk
Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur
nú vera, þú systir, skildir;

þú hlítur hér margt í sín að sjá,
og sum fleira en þú vildir.

Þú hlítur hér margt í sín að sjá,
er sjálfragt rennir á þor;
það getur varla geigvæni rann
en ganga í völvunnar spor.

Það getur engu geigvæni rann
en ganga þar völvan fer;
en þú átt að sjá og segja frá,
þau sett eru forlög þér.

Telpan

Ó, systir mín góða, sér hér veg
um sortans og skuggans lönd?

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V Systirin

Völvan fer undan með vígðu ljósi;
svo vil eg rétta þér hönd.

Stjörnur og sól, það sést ei hér
í sortans og skuggans heimi;
hið heilaga ljós, það lýsir okkur
leiðina í þrengum einni.

Nú vef eg þér hjúp úr hári þínu
og hjúpa þig, auminginn;
það hlífir svo vel þínum vanu augum
og ver þína ungu kinn.

Svo gengur þú ósködd í heljarhyr
og húmdökkum reikjar anda;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

viskan öflug, sem fyrir fer,
hún forðar okkur úr vanda.

×

Listirnir huggar
svo í tali;
svífa þær fram
um dimma dali.

Létt þær fara
um loftsins veg;
ekki er förin
þeim annaleg.

Samferða þjóta
svipir skjótir;
þeir eru báðir
léttir og fljótir.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því nær sema seilist
þeim sjónir skír,
á svipinn verða þeir
meir sem dýr.

Einn minnir á bukk,
annar svip af svíni,
refsglott er þar
og úlfatríni.

Og grátungs augu
og apalæti,
ormstungu nepja
og nöðru kæti.

Úr hörðum sköllum
sér hnúflur lifta;
úr fingurkögglum
sér klærnar ifta.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Alt það, sem grípur
og gleipir hér,
í helsvings Glóðum
það lísir sér.

Þar fara í
feiknahópum
veslings sálir
með engi og ópum.

En einn þar hver
sína birði ber;
þrátt fyrir fjöldann
fer hver sér.

Enginn við bróðir
má barma sér;
slagbrandur milli
ásar er.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeir skiftast ei á
um sein einkamál;
þar berst ekki hljártið
sál frá sál.

Þar eru menn skildir
hver öðrum hjá;
hræring en líf
þar ei líta má.

Telpan

Hví gítur hver augum til annars
sem ætti hann þar ekki frítt?

Sistirin

Þeir hatast allir og eins er hitt,
hver einn hefir nóg með sitt.

Þeir hatast og í heimi dansins
þar hver ugir öðrum hjá.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeir þekkja sinn eiginn ilskuhug
og hvaðan sér verða að sinna.

Telpan

Seg hinum meðdu mildileg orð,
sem megi í kvölum svala.
Bið vöruna hans hjartnæm orð
til huggunar þeim að tala.

Systirin

Þeir vilja ei huggun, þeir vilja ei hjálp,
svo vonlaus er þeirra kvöð;
þeim væri háð og harðlegt spott
huggunarrómurinn blíð.

Allir þeir hata en enginn trúir,
illt er þann vanda að bera;
allra síst trúir örvita hatrið
ástinni, er vel kis gera.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Telpan

Mörg eru hér að horfa'á og skoða
heljar kvikindin;
hvað er það sem fer um djúpa dali
sem dauflegt hrævarskin?

„Tak eftir!“ kvað völvan,
og telpan sá
undur, sem fyrir
augum brá.

Það er ekki bruni
né öldubrand,
heldur flöktir þar
logi um land.

Logar þar svifa
um Heljar heim

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í rjúkandi dansi
og rauðum sveim.

Bláleitt það blaktir
með bleikri glóð,
sem brennisteinn litt
og sem lifrað blóð;
grænt sem eir
og sem graftrar spýja,
stálhvítt sem leiftur
lognskýja;
það skelfur og bifar
með brennandi eldum
sem bilgjandi haf
af hrævareldum.
Sem náljós svífa
og sveima þar
sífeldar lita-
breitingar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sem steini lostin
þar stendur um kvöld
telpan og horfir
í helvítis eld.
Augum trúa
þó vart hún vogar;
á sálum þessir
lifa logar.

Telpan

Þiddu mér þenna loga,
sem þar ifir landið fer.

Sistirin

Illir og bitrir beiskjuhugir
birtast í logum hér.

Það er hinn illi heiftarhugur
og harmurinn sem hann veldur.
Brennur hann inst í bundinni sál
og brennur sem logandi eldur.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hatrið er eins og gröftur grænt,
genginn af fölleginn reikur;
brennisteinsgulur af öfund argri
eldur við myrkrið leikur.

Metorða bruninn bleikur
er bitrasti Helvítis eldur;
ágirnd með ísbláum loga
til eilífðar auðunni heldur.

Girnd og gimnandi losti
glóir sem lifrautt blóð;
samviskubitið er blátt sem hel
er burtu fló stundin góð.

Telsan

En allan þennan óþverra loga
þó eilífðu vanti ég hafi.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sistirin
Augnablikið í báli þessu,
það stendur um aldur og æfi.

×

Telpan
Margt ber hér mér fyrir augu
margbreitt í kvölinni hörðu;
þeir bröllta og mætast og masa hér
mjög líkt sem uppi á jörðu.

Sistirin
Þeir berjast hér enn eins og heima
við hagsmunavonir og tál;
vita það draum; en vafin böndum
vonstola brennur sál.

Vita það draum, er við þeim blasa
villirnir röðulsalir;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Arùa samt þessum dýra draum
sem dapurlega þá telir.

Völvan stendur þar
stutt í frá,
bendir og telpunni
biður að sjá.

Að sindara einum
ber alvörumann,
sem grima um ilt
víst enginn kann.

Bragðvís í augum,
blítur á mann
biður til kveðju
bóndann hann.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við sindaranna talar
hinn tigni gestur
sætt og ljúft eins og
lesaraprestur.

„Hví sjakastu, bróðir,
af hugstríði hörðu;
það má eiga hér betra
en uppi á jörðu."

„Sjá þú!" Hann bendir
í svartnættið út,
„þar væri þér ljúft
að losna við sút."

Þú getur að líta
gegnum einn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fagran á ljósum
höfðum heim.

Fagra garða
og vötnin væn,
lundi og engi
iðjugræn.

Gripi væna
og gras í kné,
kvíoin hvít
undir hám tré.

Af lækjum engin
leita daggar;
kornstanga mótta
í vindi vaggar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Alifé heldur
þar haga úr;
þar er hey og hlöður
og búr við búr.

Sindarinn horfir þar
hugfanginn á
hið besta, er hann kann
í heimi að sjá.

Horfir á alt,
sem í huga brann,
sem leitaði hann að,
en aldrei fann.

Alt það, sem dýrlegast
draumur hans á,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssónar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það sér hann hér glöggt
og grætur af þrá.

Gesturinn brosir:
„Slíkt býð eg þér,
bara ef þú trúlega
þjónar mér.

Sá heimur allur
skal heimill þér,
ef þú til eilífðar
þjónar mér."

Af lokkandi orðum
iður og grúir;
sindurinn veit,
það er tál, og trúir.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Trúir lígi, er~~
~~lund hans mikja,~~
~~og draumsi, er vel hann veit~~
~~sinns svíkja.~~

„Ef slíkum launum
þú lofar mér,
ég skal eftir mætti
þjóna þér.

Og verði allur sá
andir minn,
í öllu ég stunda mun
vilja þinn.

Fái ég alt, sem ég
eigi þar,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

'eg þjóna þér alveg
til eilífðar".

Gestinum – „djöfull hans"
sistirin sagði –
lofaði, sör og
sárt við lagði.

Sindrinn öllu
gleimir af gleði;
játar með handsölum
hinum að geði.

Og djöfull hans glotti
grimt;
galli spjó augað
dimt.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Og hendurnar knýr hann
keikur,
því kvölina nú hann
eikur.

Nú þrælar hinn syndugu
sál
og svikulum herra er
þjál.

~~Þrælar um þinótt~~
~~svarta;~~
~~kvelst og dirfist ei~~
~~kvarta.~~

Firir laun hinn frelsið
lætur;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lævísu svikin
grætur.

×

Telpan

Kvikt er í hól, í heiðri mergð,
hvarflandi, ráðum þrotið;
guð hjálpi þeim vesling syndasálum,
hvað segirðu þær hafa brotið?

Systirin

Heiminn vildu þær vinna,
og vonanna lokkandi hóp;
í heiminum til þess óréttinn ukn
og ilsku og mannvonskuhróp.

Heiminn vildu þær vinna
með vonanna lokkandi mál;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ilt og ljótt þar ukú í heimi
og eiginni týndu sál.

Þar uku á jörðinni sorg og sút
og sáran og tárandi kvíða;
myrkheim gerðu úr manna heimi
í myrkheimi dóminum bíða.

Þar guldu við bænum beiskjuorð
og bitur vildu ei létta;
þar vildu ei klæða naktan neinn,
né heldur svangan metta.

Refsing harða þar reyna hér
að rifja upp stríðsins ár,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og lifa upp aftur lífsins heimsku
og launin þung og sár.

Aftur að þrá og þreyja
og þrá á nýjan leik
og reyna aftur þann hugarharm
að horfa á, hve vonin sveik.

Og oft þær nú sinnum ekkum,
sem öll þeirra fýsti þrá;
svo er þetta reykur og ekki neitt,
það allvel hér þær sjá.

Telpan

En brátt þær að líkum lara
að leið þessi sé þeim verst.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Systirin
Helvíti lokkar með hyllingum
og hugurinn dregur mest
*

Telpan
Margir snúast um sjálfa sig
í sífeldum ærslatryllingi;
stara á skugga skrímsli ljót
og skelfingar sjónhverfing

Geðveikir margir í rammum ráfa
um reimleikans ógnaheim;
illar sýnir og ilskufylgjur
ógnandi sækja að þeim
Systirin
Samviskubitið sérstir þar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er sárandi minning slítur.
Í öllum þessum ógnarsýnum
þú angist hjartans lítur.

Við orma og dreka þeir eiga
hér eilífðar vatnastríð;
þeir berjast við eiginn syndasorta
frá sinnar æfi tíð.

Ljótkunnum syndum og leyndum
þeir lúta veittu gaum;
þær elta og gera svíma hér
að eilífum kvaladraum.

Þjófurinn ber hér þýfi sitt
og þýfur víða um lönd;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eigandinn eftir á fleygiferð,
fantinn vill setja í bönd.

Morðinginn skjögrast með skorin lík,
skelfist við brostið auga;
lygarinn við sínar lygar berst;
þeir lifa hér millum drauga.

Lygarinn má sína lygi gleypa,
sem lömgum var ill og hál,
því hér varð rógur að höggormi
og hlykkjóttum, sleipum ál.

Slarkarinn flýr sína foreldra,
sem fyrrum hann grætti vann;
þau elta, hvert sem hann undan heldur
og ávítum særa hann.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Alt kemur fram, hver óbætt synd
og ilt, sem þeim tókst að leyna.
Allan þann harm, sem þeir öðrum gerðu
eiga þeir hér að reyna.

Öll sú sorg, sem þeir öðrum gerðu,
óréttur, Lokaráð,
í samviskubitsins sáru kvölum
sjálfum hefir þeim náð.

Fyrir alt hér öllum refsar
á ilskunnar heimagrund
reitandi slítandi angist ill,
sem enga gjer friðarstund.

Telpan

Heitt brenna heleldsloga,
hart er hið síðsta stríð; –

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verður ei vegið í dómi?
verður ei skárri tíð?

Systirin

Gerði og öðrum þeim bæta ber
þau brot, er þú lekur svona,
fyr en þeir kannast við sjálfs sín sekt,
þeir síst eiga gott að vona.

Telpan

Eg sé hér sálu slokna;
sú er nú dauð og þunn;
hún ferst og hverfur í fúlum eimi
sem fis í reiða unn.

Systirin

Veslings sálir, er hjörtu hér
sem hjóm eða rosti um kveld, –
þær áttu ei hugarin harða,
sem hebreskir þolir eld.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Veslings sálum, er hjartað hér
sem hjómið við hornstein,
þeim er frá eilífum dauða
ei undankoma nein.

Það er þeim ógnin mesta
og ómræðileg sút;
þær hverfa, en lokuð er lífsins bók,
úr lausnarans minning út.

Telpan

En sú önd, sem eldurinn herðir,
uns andmjúk hún verður og hrein?

Systirin.

Upp liggur vegur, og vonin
þó vakna, en rótfast mein.

Telpan

En ef þær eldurinn herðir
og þær engan verma né sjá?

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Systirin
Djöflar þar niðri í Niflhel
í nákölduum brenna hyr.

Djöflar þar niðri í Niflhel
í Niðhöggs falla klær;
honum þjóna um heimsins aldur,
síðst hatrið bærði þær.

—— " ——

Telpan
Kvensálir felmtraðar flýja,
en fölir elta menn,
starandi, þvalir, dapsir, dauðir
með dreyrugar sjónir enn.

Systirin
Hér eru þau klækja kvendi,
er kunnu að lokka og svíkja;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vitfirring fylgir þeim dreyring og döfur
og drangar ei frá þeim víkja.

Hér eru þær illu konur,
sem eigið flekkaðu bú,
og gulda lansung og lygi við tryggðum
og lymsku við annars trú.

Hér eru þær illu konur
í ólifnaði er ungu
karlmönnunum hug og kjark úr sál
og kraftinn úr þeim lungu.

Þær eru sem sýkin leynd og ljót,
en ljúflegar til að sjá;
í spor þeirra leggur hrunin heilsa
hungrinn og fölvan ná.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nú fá þær í förunevti
farlama kroppsa og dranga,
er starandi, fölir og fullir bræði
festa á þeim haturs anga.

Aldregi stundar frið þær fá
fyrir því haltrandi lífi,
sem eltir þær og hyggur á hefndir
að horfnum lífsins fríði.

Telpan

Sé ég und svörtum börkum
sofandi menn sér velta,
maran ríður þeim miskunnarlaust
og margir skuggar þá elta.

Systirin

Þeir toldu í tryggðum konur,
í trúnaði að þeim lugu,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eitrandi líf þeirra allt í gegn
uns ormar stofninn smugu.

Hér koma þær koma svo aftur
og karlmenn þessa þær svæfa,
þeir mega nú kveljast og morna þar,
því maran þá ætlar að kæfa.

Tófan

Menn sé ég bruna um björg og dali
með blíðugu fótataki
með mögrum smáfingrum hertum að hálsi
og hnökkum á sveigðum baki.

Sumum flokkar þær fylgja,
fylgjur með heift þá elta
með hnefum reiddum og heiftaræðum
heitum augum þær velta.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Systirin

Föðurlaus börn hér fara
mót feðrum í hefndarskyni;
þeir flýja á hartahlaupi
af hræðslu við eigin syni.

*

Telpan hljóðnar
og hjá sér fer;
jungfrú þar kemur
um barninn ber.

Á eftir riddari
reynir sig:
„Þú fagra, veiddu
í faðmi mig.“

Hún stökkvast með feikna
frekjulæti;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá rennur hann og
er frár á fæti.

Þá ítar á hlaupi
hver einn líkur,
er hún fer að elta
og lokkar og bítur.

En ef hann svo stærsta
blíður á brún
og breiðir út faðminn,
þá rennur hún.

Svo gengur sá leikur
langt og skamt,
að annað er hugljúft,
en hitt er gramt.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá stöðvast jungfrúin
ljós sem lilja:
„Haf þú nú, riddari,
víst þinn vilja."

Hún rúnafjötra hönum
reyrði að barmi:
„Sof þú nú, maður,
á meyjar armi."

Hann fölnar og þolir
óttann ei,
en kyknar í hrjám
og kallar: „Nei!"

„Nei," hann æpir,
„ó gef mér grið;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hlífðu mér þeirri
háðung við."

Gulbrendri skikkju
hún fleygir sér frá.
Náklæði eitt
hylur hana þá.

Augað slokknar
og brestur hjarta,
hún strýkur af höfðinu
hárið svarta.

Þá lætur hún af sér
eyrun falla
og tekur úr munninum
tennur allar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Og brosvarir lausar
hún lætur hanga
og nefið og mjúkan
meyjar vanga.

Náklæðin hjaðna
og hverfa öll
og holdið þverrar
sem þiðnuð mjöll.

Beinagrind reynir
við riddarann dans,
beinin dingla um
höfuð hans.

Beinagrind dansar
til bráð við hann,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hnúturnar lengjast
um riddarann.

Beinagrind dátt
á dansinn hyggur;
bundinn hann og
lamaður liggur.

*

Þær koma þar um
sem eldar brenna
heitastir milli
manna og kvenna.

Í gerti eru logar
og gneistadrífa;
augun stinga
og orðin rífa.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heiftarorðin mjög
hátt þar láta.
Karlmenn nöldra
en konur gráta.

Harmur og ólán
hverar og sýtir;
að veita eftirtekt
völvan býtur.

Telpan heyrir í
húmi duld
hrópin: „þú átt þar
á alla skuld".

„Þú eitraðir líf mitt"
„Þú lékst mig kalt.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Af ást þinni jafnan
andaði svalt."

„Við hann þinn ástar
hugur hékk."
„Hann í leyndum
æ til þín gekk."

„Þú hugsaðir sífelt
um sjálfan þig.
Þú elskaðir jörðina
meir en mig."

„Í hug þínum stað
ég engan átti.
Einmani því
ég lifa mátti."

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14

„Hugsaðu um þig
og þína lund.
Aldrei gafstu mér
glaða stund."

„Aldrei, hvað sem þú
barst frá borði,
þakkaðir þú mér
einu orði."

„Ég bar þig á höndum
svona alla;
þér þótti ég maklegur
viðlits varla".

Smádjöflar kringum hann
frussa og flögra,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bera á milli,
erta og ögra.

Smádjöflar kringum þau
kátir smjúga
með dylgjur og róg
og lepja og ljúga.

Augu af heiftum
blæðir;
hjartað í kvölum
æðir.

Svo rjúka þau öll
í reiði saman,
rífa, klóra og
krassa í framan.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á hárinu kippir hann
henni að sér:
„Hér eru ligga
launin frá mér."

Með afli hún
fyrir brjóst honum ber:
„Þrælkunarlaun
koma þar frá mér."

Hann geldur með hnefa
höggi stríðu:
„Þú átt að sýna mér
ást og blíðu."

Hún rispar hann í
svo að rennur dreyri:

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Þú átt að sýna mér
ástir meiri.“

Telpan

Kveljandi er þessi sorg og sút
og sárt er slíkt ortaskifti.
Hvað syndgaði fólk þetta, systir mín?

Systirin

Það sig á jörðinni gifti.

Tvinnað í leiting með lygum
og lokkað með illra ráði;
ókunnugt varð svo um örlaga
og aldrei saman náði.

Tvinnað saman með svikum
og svikulum vonum undið;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

óskylt fólk og ólíkt saman
um alla lífstíð bundið.

Þau kalla sig mann og konu,
þau kalla það ástalíf;
en girndarráð var það; hann gat sér
við gulli frillu, ei víf.

Mörg voru ástar orðin
af eiðum tryggða full; –
ættgöfgi hans var henni alt,
en hann vildi fá sér gull.

Með augunum vildi hún vinna
sér vaninn þræl og teyminn,
en hann valdi man fyrir manndóm sinn,
í munni var hugur geyminn.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á ýmsan þar gekk, fór illa og ver,
ánægjan skömtuð úr hnefa;
heimtað þau játu, en hvorugt vildi
af hjartans auði gefa.

Heimtað gátu þau hvort af öðru
hjálp og ástargleði;
en hvorugt kunni af hjarta að gefa;
hráslagi var í geði.

Ólíngur, leiðindi og langir dagar,
látnar vonir og kíf;
hvort fór sér og hvort öðru kendi
hörmungt og dapurt líf.

Telpan

Margur þá lætur lífsins
ljúfustu von og þrá.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Systirin

Þú sér hér fátt af þeim, systir mín,
því að sárfáir hingað nú.

Þau höfðu sér hér á jörðu
helvítis búið kvöl,
með sakargiftum og ágirni
sárasta skapað böl.

Þar sveið hvort annað með hatri og heift
og hrópyrðum sárum brendi;
og eldurinn sá úr Syrgisdölum
á sálunni gerði endi.

Þau angruðu sífeldar sárar kvalir
og sorti lagðist á heim;
ekki var neitt, þegar upp laukst gröfin,
eftir framar af þeim.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Köldum sálum er brigsl að bera
brúðfararskrautið hreint;
en þau sem unnast af heilum hug
til himins stefna beint.

— " —

Svo koma þar
í svörtumóa,
þar hrökkva neistar
og glæður glóa.

Margt hylur þar dimman
greypp og grá.
Völvan lét telpuna
samt alt sjá.

Þótt haturs orð
sé hjalað lágt,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá deyr það ekki
en eykur sinn mátt.

Það kveikir svar,
því má sífelt treysta;
þar er sem kvikni
neisti af neista.

Vaxandi neistar
af neistunum renna.
Orðin heitar og
heitar brenna.

Aftur og fram
frá barni til barns

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er skotið orðum
haturs og harms.

Telpan loga þar
lita kann
fara sem leiftur
úr manni í mann.

Heitt logar gerðið
og hugurinn.
Það étur sig dýpra
og dýpra inn.

Étur og eykst,
uns báli brendur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hugurinn allur
í eldi stendur.

Í brjóstum gnýr,
svo að ómar af
dimmra og dimmra
haturs haf.

Ranghvolfast augu
og eldi spúa;
blossar úr gapandi
gini fljúga.

Enginn slökkur
né yfir bætir,
auga í hatri

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

anga matir,
og brögð og krókar
er bátum hneisa,
yfir níðingsverkum
þeir níðstöng reisa.
Skuldunautar þar
skrökva og hóta
og hártogana
helst þeir njóta;
launa þeir, og lítt mun
þverra,
gott með illu
og illt með verra.
Hver vill þar áteins
einn ná:
ávin sinn að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

reita og flá;
í illu vill hver
vera mestur
uns vit og stilling
að lokum brestur.
Þá rúðast þeir á
og ragna
og brenna svo upp
til agna.

Telpan

Hvaða seiknlegir fáráðlingar
fremja hér lifnað sinn?

Systirin

Yfir hefnigjarna og hatursfulla
hér gengur dómurinn.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hefndin sveið þenna hrafnamó,
hatrið varð gleðibani.
Til grafar dró þá hugsár hefnd
í haturs og reiði flani.

Þetta eru vargar með harðan hug
og hatursfulla brá;
engum manni þeir miskunn sýndu
og miskunn enga fá.

Þegar hlekkist öðrum á,
aleins þá sá þá glaða;
aldrei þeir hlógu af öllum hug
nema að annara manna skaða.

Telpan

Bið völvuna að segja þeim sjálfa,
hve sorglegt slíkt hlutskifti er.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Systirin

Þeir vissu allt, sem af örtum má læra
áður en komu þeir hér.

Telpan

Þá læra þær sjálfsagt af sínum rann
í sárum eldi og kvíða?

Systirin

Þeir elska hatrið í eigin sál,
er eitraðar hefndir svíða.

Telpan

Eiga þeir þá hér upp að brenna
í eigin haturs glóðum

Systirin

Allseint læra það illar sálir,
illt að deyfa með góðu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bjargföst er þeirra tröllatrú,
trú þeirri í reynd þeir beita,
að illt skuli jafnan með illu slökkva
og reiði með hatrinu heita.

Það er þeim fast í hug og hjarta,
og hvergist þar ei úr skorðum,
að eldinn skuli með olíu slökkva
og hatrið með hermdarorðum.

Auga við auga og tönn við tönn
þeir taka en ei kröfur skerða,
og brenni þeir ekki af hefndum hér
þeir hertast og djöflar verða.

—— || ——

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur